

**Ná.**

**171. Framvarp**

til laga um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Flutningsm.: Jakob Möller og Þorsteinn Jónsson.

1. gr.

Í öllum kaupstöðum á landinu, sem nú telja eða síðar kunna að telja 2000 íbúa, skal leggja skatt á skemtanir fyrir almenning, sem aðgangi er seld að.

## 2. gr.

Þessar skemtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

### 1. flokkur.

- a. Hljómleikar og söngskemtanir.
- b. Sjónleikar, er njóta opinbers styrks.
- c. Fyrirlestrar og upplestrar.
- d. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
- e. Tombólur, í hverju skyni sem baldnar eru.

Af skemtunum, er til þessa flokks teljast, greiðist 10% skattur af andvirði seldra aðgöngumiða. Af tombólum greiðist sami skattur einnig af andvirði seldra happdráttu.

### 2. flokkur.

- a. Dansleikar.
- b. Danssýningar.
- c. Loddarasýningar.
- d. Fjölleikasýningar og sjónleikar, er ekki teljast til 1. flokks.
- e. Aðrar almennar skemtanir, sem aðganga er seld að og ekki eru taldar sjerstaklega.

Af skemtunum þeim, er til þessa flokks teljast, greiðist 20% skemtanaskattur.

## 3. gr.

Undanþegnar öllum skemtanaskatti eru þessar opinberar skemtanir:

- a. Ódýrir fræðandi fyrirlestrar fyrir almenning, svo sem stúdentafjelagsfyrirlestrarnir.
- b. Skemtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til styrktar málefna, er miða að almenningsheill.
- c. Af innanfjelags-skemtunum, sem að eins eru fyrir fjelaga og gesti þeirra, greiðist enginn skattur, en sannist það, að utanfjelagsmenn hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemtunum, skal það skoðað sem brot á lögum þessum, og ber þá að greiða skatt af slíkri skemtun eftir 2. gr. 2. flokki.

## 4. gr.

Til að halda skemtun, sem aðgangur er seldur að, skal fá leyfi lögreglustjóra, og skal tilkynna honum, hvar og hve nær hún skuli haldin.

## 5. gr.

Lögreglustjóri innheimtir skemtanaskattinn og fær 2% í innheimtulaun. Um innheimtuna fer eftir reglugerð, er stjórnarráðið semur.

6. gr.

Skemtanaskatturinn rennur í sjerstakan sjóð, »þjóðleikhússjóð«. Honum skal varið til þess að koma upp »þjóðleikhúsi« í Reykjavík og til að styðja sjónleika, sem sýndir verða að staðaldri í því húsi. Stjórn þessa sjóðs hafa á hendi þrír menn, valdir af kirkju- og kenslumálaráðherra, úr hóp þeirra manna, er vænta má, að kunnugastir sjeu leikment. Nefnd þessi starfar ókeypis. Auk þess að ávaxta þjóðleikhússjóðinn skal nefndin hafa með höndum allan undirbúning undir byggingu leikhússins. Kirkju- og kenslumálaráðherrann hefir eftirlit með störfum nefndarinnar.

Ríkið leggur til ókeypis lóð undir leikhúsið neðan til á Arnarhólstúni fyrir norðan Hverfisgötu.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50–500 kr., og skal farið með öll þau mál, sem út af þeim rísa, sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1923, og með þeim eru úr lögum num-in lög nr. 34, 22. nóv. 1918, og allar þær reglugerðir og ákvæði, sem byggð eru á lögum nr. 34, 22. nóv. 1918.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum ýmsra frömuða leiklistarinnar hjer á landi, og er tilgangurinn sá, að koma hjer upp þjóðleikhúsi. Allar frændþjóðir vorar á Norðurlöndum eiga þjóðleikhús, sem styrkt eru stórkostlega af ríkisfje, og er það gott til eftirbreytni. En þess mun þó ekki að vænta, að Alþingi sjái sjer sært í náinni framtíð að leggja fram nægilegt fje úr ríkissjóði til að koma upp þjóðleikhúsi. Í frumvarpinu er ekki farið fram á neitt slíkt, og ekki ætlast til neinna beinna fjárframlaga úr ríkissjóði. Það fer að eins fram á það, að skemtanaskatturinn verði látinn renna í sjóð, sem verði varið til að koma upp leikhúsi og til styrktar því síðan. Með lögum nr. 34, 22. nóv. 1918, var bæjar- og sveitarstjórnnum heimilað að leggja skatt á skemtanir fyrir almenning. Bæjarstjórnir kaupstaðanna urðu seinar til að nota sjer þá heimild, því að í Reykjavík komst skatturinn ekki á tyr en með reglugerð dags. 29. des. 1921, á Ísafirði með reglug. dags. 9. s. m., en á Akureyri mun skatturinn ekki kominn á enn, og hvergi annarsstaðar. Í öðrum löndum mun skemtanaskatturinn hvarvetna vera ríkisskattur. Svo er það áreiðanlega í Danmörku, Brellandi og Frakklandi. Og hjer virðist það einkar vel til fallið að nota þennan skatt einmitt til eflingar leiklistinni, sem ekki er kostur að styrkja á annan hátt, svo að nokkru nemi. En þó að bæirnir verði sviftir þessum tekjum, þá munar þá það sáralitlu. En sá bærinn, sem helst gæti gert sjer eitthvað úr skattinum, þ. e. Reykjavík, ætti einmitt að njóta hans mest og best, ef þannig verður með hann farið, sem til er stofnað með þessu frumvarpi.